

10 apríl 2014

Bítlarnir hættir. -

10 apríl 1970.
- 44 ár liðin.



1965. The Beatles með hennar hátign Bresku drottningunni og fleiri góðum.

Það var í kringum 1957 sem fjórir ungir Enskir menn frá Liverpool fóru með gítara sína yfir til Hamborgar í Þýskalandi til að leika og syngja fyrir Þjóðverja gegn gjaldi. Á þessum tíma var hópurninn undir tvítugu. Í nokkur ár spiluðu þeir fyrir kráargesti við Herbertstrasse, líkt og fjölmargir aðrir Enskir hljóðfæraleikarar og söngvarar gerðu á þessum tíma. Í Hamborg fengu menn mikla og góða undirstöðu. Var enda mikið spilað og æft og vinnutími oftast nær margir klukkutímar á dag. Á Reeperbhan í Hamborg viðgekkst allskonar lifnaður manna og ekki allur til eftirbreytni en gaf sína reynslu. Við þekkjum þessa Englendinga sem meðlimi The Beatles. Þarna er Ringo Starr ekki enn gengin til liðs við hópinn og ungu Englendingarnir í vandræðum með trommara. Sem þeim ku víst hafa haldist frekar illa á á Hamborgar tímanum.

Sagan segir að fljótt hafi þeir sett markið hátt og hvatt sig stöðugt þegar mæðan vildi koma og gerðu með orðum eins og: " Hvert stefnum við? " Og svarið var: " Til stjarnanna " Þannig hvöttu þeir sjálfa sig og fengu sína hvatningu með þessum hætti. Og verkið hélt áfram. Mikilvægt er að hafa sjálfur trú á því sem gert er. Og fjöll færast úr stað og hverfa.

Spilamennska ungu manna hélt áfram og æ fleiri veita " þessum hávaðaseggjum " verðskuldaða áhuga. Hávaðaseggir sögðu sumir sem sáu þá og heyrði í þeim rétt áður en

heimsfrægðin knúði þar dyra. (Höfundur þekkir sjálfur tvo menn sem á þessum tíma sigldu til Hamborgar á fragtskipi og sögðu frá að hafa setið undir hljómfalli piltanna, þeir voru reyndar ekki samskipa heldur á sitt hvorum tíma staddir þarna, og minntust báðir á hávaðan af músíkinni frá sviðinu. Svona voru lýsingarnar. Seinna, 1976, kom höfundur oft við í sama klúbbi í Hamborg en meðlimir Bítlarnir sem kunnugt er hættir og einstaklingarnir teknir til við sólaferil og plötuútgáfu hver í sínu lagi. Hvort Ringo Starr er kominn í hópinn er þessir tveir umgetnu menn sáu og hlýddu á Bítlanna þarna í Hamborg fylgdi ekki sögunni og líklega ekki. Hann kom inn í hópinn rétt á unda heimsfrægð The Beatles.)

Spurning er hvort ungu Bresku mennirnir hafi gert sér grein fyrir út í hvað þeir væru að hella sér. Um það hins vegar má stórlega efast. Stundum nefnilega er lífið afskaplega einkennilegt og breytir á furðu skömmum tíma allri lífsýn manna og gerir sumpart varanlega án þess að þeir, einstaklingarnir sjálfir, fái rönd við reist. Lífið er á stundum einkennilegasta kýr.



1965. Barnablaðið Æskan með myndasögu þar sem Bítlarnir voru aðalsöguhetjurnar.

Á einum stað ferilsins gerðist það að réttur maður, Brian Epstein, síðar umboðsmaður þeirra, var á staðnum og heyrði í bandinu, fékk áhuga og kom þeim að í upptökuver Parlophone sem hljóðritaði fyrstu hljóðversskífu sveitarinnar og við vitum að er " Please Please Me " sem út kom 1963. Heiðursmaðurinn George Martin hafði hönd á verkinu og sat á bak við glervegg og stýrði tökkum. Útkoman eru tólf fallegir söngvar saman komnir á einni LP plötu sem fór til dreifingar í Enskum plötuverslunum og seldist allvel. Ári áður, 1962, kom út smáskífa með laginu " Love Me Do " og " My Bonnie " (Var " My Bonnie " ekki á A hlið?) Lagið " Love Me Do " hins vegar vakti athygli og ruddi hiklaust braut fyrir breiðskífuna sem út kom 1963. George Martin þessi stjórnaði upptökum á öllum plötum sem sveitin gaf út á starftíma sínum. The Beatles samkvæmt heimildum höfundar var formlega stofnað 1960.

1963 voru gefnar út líklega tvær smáskífur með söngvum sveitarinnar og allt lög eftir þá sjálfa sem og var viss nýlunda í tónlistarbransanum. Elvis Presley, Cliff Richard og margar aðrar stjórnur sjötta áratugarins sungu lög annarra. Meðlimir The Beatles innleiddu nýja tíma og eigin lagasmíðar þó fyrstu tvær plöturnar innihaldi líka lög annarra lagahöfunda.

Þarna byrjaði boltinn að rúlla og var haft eftir John Lennon, svona þegar Bítlaæðið er komið vel af stað, að hann gæti verið montinn og sagt tíu ár en taldi sjálfur að þetta entist í sex mánuði, aðspurður um það hversu lengi þetta myndi vara hjá unga fólkinu. Já, lífið tekur stundum einkennilega dýfu.

Bítlaæðið óx fiskur um hrygg og plötur The Beatles rokseljast og ekki bara í Englandi heldur hvar sem er í heiminum og líka upp á litla Íslandi með alla sína gúmmískó, dreifbýlistúttur. Ungu fólkið þar tók að fullu þátt í æðinu og fylgdist grannt með framvindu mála og einkum sínum mönnum Bítlanum. Það er að segja obbi ungs fólks. Ekki allt. Sumir að aðhylltust Rolling Stones. Um tíma snérist málið mest um þessar tvær hljómssveitir.

Hljóðfærarleikarar

1. Jimi Hendrix
2. Eric Clapton
3. Herb Alpert
4. George Harrison
5. Steve Cropper
6. Brian Wilson
7. Bob Dylan
8. Hans Marva

LP-hljómplötur

1. Sgt. Peppers — (Beatles)
2. Murrans — (Murrans)

Hljómplötur

1. Sgt. Peppers — (Beatles)
2. Are You Experienced — (Eric Clapton)
3. Images — (Walker Brothers)
4. Between The Buttons — (Rolling Stones)
5. Green Green Grass — (Tom Jones)
6. Golden Mile — (Cherry Springfield)

Yfir heiminn:

Söngkonur

1. Dusty Springfield
2. Aretha Franklin
3. Petula Clark
4. Cilla Black
5. P. P. Arnold
6. Nancy Sinatra
7. Diana Ross
8. Lulu

Söngvarar

1. One Bad Thing
2. Eliza Frenley
3. Bob Dylan
4. Scott Walker
5. Cliff Richard
6. Paul McCartney
7. Tom Jones
8. Gene Pitney

Hljómssveitir

1. Beatles
2. Beach Boys
3. Murrans
4. Rolling Stones
5. Mamas & Papas
6. Paul Simon
7. Supremes
8. Stevie

Tvöggja laga plötur

1. White Shade of Pale — (Procol Harum)
2. Strawberry Fields Forever — (Beatles)
3. Ferry Lane — (Beatles)
4. Day Joe — (Joni Mitchell)
5. Waterloo Sunset — (Kinks)
6. Paper Sun — (Traffic)

Í Bretlandi:

Söngvarar

1. Cliff Richard
2. Tom Jones
3. Carl Dooley
4. Scott Walker

Söngkonur

1. Dusty Springfield
2. Lulu
3. Cilla Black
4. Aretha Franklin
5. P. P. Arnold

Hljóðfærarleikarar

1. Eric Clapton
2. Jimi Hendrix
3. Hans Marva
4. George Harrison
5. George Fenn
6. Steve Cropper
7. Paul Jones
8. Mick Jagger
9. John Lennon

Hljómssveitir

1. Beatles
2. Rolling Stones
3. Jimi Hendrix Experience
4. Cream
5. Murrans
6. Who
7. Strawbs
8. Small Faces
9. Procol Harum
10. Kinks

Tvöggja laga plötur

1. White Shade of Pale — (Procol Harum)
2. Strawberry Fields Forever — (Beatles)
3. Ferry Lane — (Beatles)
4. Day Joe — (Joni Mitchell)
5. Waterloo Sunset — (Kinks)
6. Paper Sun — (Traffic)

Vinsældalistinn:

1. Murrans
2. One In No Time — (Traffic)
3. Last Waltz — (Engbert Humperdinck)
4. Flowers In The Rain — (Mamas)
5. The Letter — (Box Tops)
6. Hamburg — (Frank Sinatra)
7. There Must Be A Way — (Frank Sinatra)
8. From The Underworld — (Mamas)
9. Every Face A Thing Open — (Kath West)
10. Reflections — (Diana Ross & The Supremes)
11. When Will The Good Again Fall — (Mamas)
12. Bulvers Park — (Small Faces)

1967. Úrslit könnunar um besta söngvaran, gítarleikarann, plötuna og svo framvegis. Allt kunnuglegt.

Ekki er höfundur kunnugt um sannleiksgildið þeirra orða að á sínum tíma hafi sala Bítlaplatna bjargað efnahag Breta og að plötur sveitarinnar selst ekki í kössum, ekki bílförnum heldur skipsförnum til hinna og þessara landa. En svona var sagan. Samt er ljóst að salan var gríðarleg með enga hliðstæðu hvar sem er í heiminum. Hvað sem síðar varð. Miklir umbrotatímar og The Beatles í forgrunni byltingar sem á sinn hátt er merkileg og skráður partur sjálftrar mannkynssögunnar. Og ekkert minna heldur en það.

En öllu líkur og hefur sinn afmarkaða tíma í mannheimum. 10 apríl 1970 sendi einn meðlimur og annar aðal lagahöfundur sveitarinnar, á móti John Lennon, (Sir) Paul McCartney frá sér fréttatilkynningu um að Bítlarnir væru hættir. Fréttin kom eins og þruma úr heiðskíru lofti og flaug á eldingarhraða yfir hvert byggt ból hringinn í kringum jörðina með þeim afleiðingum að þögn sló á hópinn sem þeim hafði fylgt og er sannlekur sem margir gætu, ef þeir sjálfir vildu, vel staðfest. Slík voru áhrifinn á þessum sjö árum sem hljómsveitin starfaði og augu flestra ungra beindust að. Nú var þetta horfið og eftir varð gap sem erfitt yrði að fylla í. " Hvað tekur nú við. " - spurði unga fólkið hvort annað með sorgarsvip á andlitinu. Tár runnu niður suma vanga. Merkilegt hvernig fólk dregst að einu og öðru og flykkir sér utan um eitt og annað. Og þó ekki með engar fyrirmyndir fyrir sig í nærumhverfinu.



1966. Hljómar frá Keflavík. Oft var talað um þá sem hina íslensku Bítla. Hér eru þeir sem Thor's Hammer, en svo nefndu þeir sig utan landssteinanna.

Eftir að Bítlarnir hættu komu þeir aldrei saman á nýjan leik þó margsinnis væri eftir því leitað og gríðarlegar upphæðir, alveg svimandi, væru í boði. Og hitt. Hefðu þeir ekki gert það sem þeir gerðu eru allar líkur til þess að þeir væru ekki hið sama í augum fólks og staðreyndin er í dag. Bítlaæðið lifir ótrúlega ferskt í minningunni. Og annað. Plötur The Beatles frá árinu 1963 til 1970 seljast enn eins og heitar lummur og vekja áfram áhuga ungs fólks sem byrjar að elska tónlist þeirra þó gefnar hafi verið út svo löngu fyrr.

Allt endaði þetta svo með útgáfu " Let It Be " 1970 og yfirlýsingu Paul McCartney sama ár. Sumir hafa enn þann dag í dag ekki fyrirgefið honum þau orð.

Þó " Let It Be " (Um tíma átti platan að heita Get Back en hætt var við það) hafi komið út síðust er Abbey Road (1969) samt nýjasta Bítlaplatan. Ástæða þess er að ekki náðist samkomulag í hópnum um framhald " Let It Be " sem við það lagðist niður en síðar fengið öðrum sem kláraði vinunna og kom afurðinni í plötubúðirnar þar sem hún rokseldist eins

aðrar afurðir sveitarinnar. Hljómplatan " Let It Be " telst vera lokaverkefni The Beatles. Tveir menn eru skráðir upptökustjóri. George Martin og Phil Spector sem tók við verkinu og lauk því.



1968. Þessir voru vinsælastir. Bee Gees skáka The Beatles. Hve oft verdu Bítlarnir ekki fyrsta sætið ?

Merkileg þetta Bítlatímabil og ekki í sjálfu sér undrunarefni að lífi jafngóðu lífi og raun ber vitni. 1973 var höfundur starfandi á togaranum Röðli GK frá Hafnarfirði og sigldi skipið með fisk á markað í Ostende í Belgíu í júnímánuði. Þá var í Belgíu hálfgerð Bítlaæði og umtalað þar í landi. Myndir af köppunum sáust víða og plötur þeirra ruku út. Svona tímabil virðast koma öðru hvoru.

1995 koma svo út tvö ný (gömul) lög eftir John Lennon sem eftirlifendur Bítlanna þeir George Harrison, Paul McCartney og Ringo Starr unnu sameiginlega til útgáfu og gott ef ekki George Martin með þeim við upptökutækið og úrvinnslu. Lögin sem John söng heita " Real Love " og " Free As A Bird. " Útgáfa laganna tengdist heimildarmyndbandinu " Beatles Anthology " sem út kom á átta vídeóspólum og er mikil og góð heimild um merkilega sögu sem The Beatles að stórum hluta leiddi.



The Beatles í blóma ferilsins. Bítlajakki- og hár komst í tísku og áttu sumir svona jakka. T.a.m. höfundur.

Kveðja
Konráð Rúnar Friðfinnsson
Gert 10 apríl 2014.